

Fjárhagsáætlun
Rangárþings eystra
2020

Greinargerð með
fjárhagsáætlun



Samfélag í sókn



Greinargerð með fjárhagsáætlun Rangárbings eystra 2020.....	2
ALMENNAR FORSENDUR	2
LAGAUMGJÖRD.....	2
ÚTSVAR	2
FASTEIGNAGJÖLD.....	3
JÖFNUNARSJÓÐUR.....	4
LAUN	4
ALMENNAR FORSENDUR OG GJALDSKRÁR.....	5
LÁNTÖKUR.....	5
REKSTUR MÁLAFLOKKA.....	6
02 FÉLAGSMÁL	6
03 HEILBRIGÐISMÁL	7
04 FRÆÐSLU- OG UPELDISMÁL.....	7
05 MENNINGARMÁL	7
06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPÓRTTAMÁL	7
07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR.....	7
08 HREINLÆTISMÁL	7
09 SKIPULAGSFULLTRÚI	7
10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL.....	8
11 UMHVERFISMÁL.....	8
13 ATVINNUMÁL.....	8
21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR.....	8
LOKAORÐ	8

Greinargerð með fjárhagsáætlun Rangárþings eystra 2020

ALMENNAR FORSENDUR

LAGAUMGJÖRÐ

Fjárhagsáætlun Rangárþings eystra fyrir árið 2020 er lögð fram og unnin skv. fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögnum skal byggðarráð leggja fyrir sveitarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Tillögu að fjárhagsáætlun skal leggja fram fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu ekki síðar en 1. nóvember og síðari umræða skal fara fram í síðasta lagi 15. desember, en fjallað skal um tillöguna á tveimur fundum.

Fjárhagsáætlun sveitarfélags er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Einungis er hægt að víkja frá fjárhagsáætlun með því að samþykkja viðauka við áætlunina. Á það við um ákvarðanir, samninga og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Fjárhagsáætlun Rangárþings eystra er því eiginleg fjárveiting til rekstrar sveitarfélagsins og ber að fylgja henni.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum eru megin lagaheimild sveitarfélaga til að leggja á skatta og þjónustugjöld. Í 1. kafla laganna segir að tekjustofnar sveitarfélaga séu útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði. Auk þess hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum og fleiru. Þá hafa þau ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðaleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

ÚTSVAR

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Við áætlun útsvars Rangárþings eystra er stuðst við áætlunir frá hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga. Undanfarin ár hafa þær áætlunir verið vel innan marka, enda hefur verið farið fram með varkárni við mat forsendna.

Gert er ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 6,4% milli árana 2019 og 2020. Útsvarsgreiðslur fyrir árið 2020 eru áætlaðar 1.100 m.kr. samanborið við 1.003 m.kr. í áætlun 2019. Á árinu 2020 er gert ráð fyrir að eftirágreitt útsvar verði um 73 m.kr. til viðbótar við staðgreiðslu útsvars að fjárhæð 2.219 m.kr. Gert er ráð fyrir að útsvarsprósenta sveitarfélagsins verði óbreytt milli ára eða 14,52%.

	2019	2018	2017	2016	2015
01 Janúar	83.891.175	61.498.362	56.078.774	59.500.694	49.207.079
02 Febrúar	78.885.759	68.983.287	61.313.219	45.050.900	45.029.827
03 Mars	74.897.431	71.467.731	60.106.046	55.400.800	49.738.501
04 Apríl	64.029.855	58.648.425	56.605.021	46.035.991	43.730.019
05 Maí	85.146.285	68.771.210	57.573.227	55.948.488	42.953.199
06 Júní	74.480.586	74.292.434	67.809.170	56.715.562	58.501.071
07 Júlí	85.644.235	67.794.355	67.709.625	59.143.944	47.629.328
08 Ágúst	80.617.207	81.784.588	70.303.272	62.441.907	48.188.108
09 September	112.610.814	102.727.802	111.925.907	65.757.717	63.159.706
10 Október	83.846.616	86.145.697	66.126.077	59.533.624	53.538.688
11 Nóvember	87.874.481	71.883.514	64.033.562	57.024.030	49.715.242
12 Desember		81.489.611	73.747.306	72.028.407	60.039.930
Samtals	911.924.444	895.487.016	813.331.206	694.582.064	611.430.698

Greidd staðgreiðsla til Rangárbings eystra, eftir mánuðum

FASTEIGNAGJÖLD

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamat, samkvæmt fasteignaskrá. Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið ár hvert og eru niðurstöðurnar kynntar í júnímánuði. Fasteignagjöld eru áætluð í álagningarkerfi fasteignagjalda sem er á vegum Þjóðskrár Íslands. Skatthlutföll haldast óbreytt milli ára 2019 og 2020.

	2020	2019	2018	2017	2016
Fasteignaskattur A	0,35%	0,35%	0,375%	0,39%	0,36%
Lóðarleiga	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%
Vatnsgjald	0,23%	0,23%	0,23%	0,23%	0,23%
Holræsagjald	0,25%	0,25%	0,25%	0,25%	0,25%
Sorpgjald þéttbýli	45.400	44.327	43.162	44.315	39.238

Þróun skatthlutfalla fasteignagjalda 2016-2020

Á síðustu 5 árum hefur fasteignamat Rangárbings eystra hækkað samtals um 83%. Fasteignamat Þjóðskrár Íslands fyrir 2020 var birt 31. maí 2019 og er fasteigna- og landmat 2020 43.140 m.kr. Fasteignamat fyrir árið 2019 var 40.625 m.kr og því hækkar fasteignamat 2020 um 6,3% milli ára. Ljóst er að töluvert hefur dregið úr hækkun fasteignamats í ár.

Fasteignaskattur

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði haldist óbreyttur á milli ára. Áætlað er þó að tekjur af fasteignaskatti aukist vegna hækkunar fasteignamats.

Vatnsskattur og holræsagjald

Vatnsskattur og holræsagjald haldast óbreytt á milli ára.

Sorpgjöld

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu íláta er kr. 23.700 og inniheldur 240 l blátunnu, 240 l grátunnu, 240 l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Sorpeyðingargjald verður 21.700 kr. Sú nýbreytni kemur fram í gjaldskrá sorphirðu að hægt verður að fá fleiri og/eða stærri ílát undir sorp og er rukkað sérstaklega fyrir þau. Er þetta fyrsta skrefið í átt að því að rukka íbúa um sorphirðugjöld eftir umfangi og tegund sorps.

Lóðarleiga

Lóðarleiga hækkar ekki á milli ára.

JÖFNUNARSJÓÐUR

Samkvæmt lögum nr. 4/1195 um tekjustofna sveitarfélaga er sjóðurinn einn þriggja meginstoðasveitarfélaga. Hann er því ekki síður en útsvar og fasteignaskattur mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarsjóðs. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldabörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Framlög til sveitarfélagsins skiptast í fjóra flokka; sérstök framlög (s.s. vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika), jöfnunarframlög (skiptist í tekjujöfnunarframlag og útgjaldajöfnunarframlag), jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlag vegna þjónustu við fatlaða. Tekjujöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga, s.s. vegna fasteignagjalda en útgjalda-jöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöldum sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægða innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl.

Í áætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2020 er fasteignaskattsframlag áætlað um 91 m.kr., útgjalda-jöfnunarframlag 252 m.kr. og grunnskólaframlag um 73 m.kr., eins og sjá má í töflu 4.

	2020 áætlun	2019 áætlun	2018	2017	2016
Fasteignaskattsframlag	91.116.605	90.665.107	83.888.565	71.179.201	61.187.309
Útgjaldajöfnunarframlag	252.701.396	253.519.536	240.504.143	236.758.814	225.390.002
Grunnskólaframlag	73.582.907	88.797.001	94.650.457	90.177.872	91.875.543
Framlag v. sérþarfa nem.	6.550.000	6.111.111	10.700.000	10.700.000	8.300.000
Framlag v. nýbúafraeðslu	3.900.000	3.380.000	2.730.000	2.600.002	1.820.000
Samtals	427.850.908	442.472.755	432.473.165	411.415.889	388.572.854
	-3,3%	2,3%	5,1%	5,9%	

Tafla 4. Þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði árin 2016-2020

LAUN

Laun eru langstærsti einstaki kostnaðarliður sveitarfélagsins og er töluverð óvissa varðandi þennan lið í áætluninni þar sem kjarasamningar nær allra starfsmanna eru lausir. Við gerð áætlunarinnar var miðað við flata 5,5% hækkun launa. Áætlað er að heildar launagreiðslur til starfsmanna verði rétt um einn milljarður króna á árinu 2020.

ALMENNAR FORSENDUR OG GJALDSKRÁR

Í áætlun 2020 er gert ráð fyrir að fjöldi íbúa í Rangárbings eystra haldist óbreyttur milli ára. Samkvæmt þjóðhagsspá að sumri sem gefin var út 10. maí 2020 var áætlað að verðbólga ársins 2020 yrði um 3,2% og var miðað við þá spá við útreikninga skulda og afborgana. Miðað var við að almennar hækkanir á vöru og þjónustukaupum yrðu 3,5% á árinu en sveitarfélagið tekur mið af Lífskjarasamningnum 2019-2020 og gjaldskrárhækkanir sveitarfélagsins eru því einungis hækkaðar um 2,5%.

FJÁRFESTINGAR


Áætlunin gerir ráð fyrir fjárfestingum að heildarupphæð 171.000.000 kr. Hæsta upphæðin fer í gatnagerð, þar sem gert er ráð fyrir að hefjast handa við gerð nýrrar götu í nýskipulögðu hverfi ofan Króktúns.

Framkvæmdaáætlun 2020	Málaflokkur	Áætluð upphæð	Framlag ríkis	Samtals upphæð
Gatnagerð	32	80.000.000	0	80.000.000
Hvolsskóli	04	10.000.000	0	10.000.000
Leikskóli	04	20.000.000	0	20.000.000
Félagsheimili	05	2.000.000	0	2.000.000
Íþróttamannvirki	06	20.000.000	0	20.000.000
Göngu- og hjólastígar, lýsing	10	5.000.000	0	5.000.000
Leiktæki, opin svæði	11	3.000.000	0	3.000.000
Ferðamannastaðir	11	2.000.000	0	2.000.000
Austurvegur 4	21	5.000.000	0	5.000.000
Þjónustumiðstöð-tækjakaup	34	10.000.000	0	10.000.000
Félagslegar íbúðir	58	1.000.000	0	1.000.000
Fráveita, framkvæmdir	62	3.000.000	0	3.000.000
Vatnsveita, framkvæmdir	44	10.000.000	0	10.000.000
Samtals fjárfestingar		171.000.000	0	171.000.000

LÁNTÖKUR

Ekki er gert ráð fyrir lántökum á árinu 2020, en notast verður við eigið fé til að fjármagna fjárfestingar ársins.

SKIPTING KOSTNAÐAR MILLI MÁLAFLOKKA



02 FÉLAGSMÁL

Félagsþjónusta sveitarfélagsins er rekin í byggðasamlagi með sveitarfélögum í Rangárvalla- og Skaftafellssýslu. Fjárheimildir til byggðasamlagsins aukast um 5% milli ára.

Fjárhagsaðstoð hækkar um 25% milli ára og má þá hækkun rekja til þess að fleiri eru nú á framfæri sveitarfélagsins en á sl. ári.

Málefni fatlaðra eru rekin í Bergrisanum byggðasamlag rekið með öllum sveitarfélögum á Suðurlandi. Ljóst er að það árlega framlag sem ríkið lagði með málaflokkum, þegar málaflokkurinn var færður frá ríki til sveitarfélaga dugar langt frá því til reksturs málaflokksins. Fjárframlög til Bergrisans hækka því um 13% milli ára.

03 HEILBRIGÐISMÁL

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sér um málaflokkinn en fjárheimildir til málaflokksins eru nær óbreyttar milli ára. Sveitarfélagið verður áfram þátttakandi í sérstöku hreinsunarátaki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

04 FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL

Fræðslu- og uppeldismál er langstærsti einstaki málaflokkur sveitarfélagsins en 51% skattekna fara beint í málaflokkinn. Fjárheimildi til málaflokksins í heild hækka um 6,36% milli ára, alls 58.000.000 kr .

Mest hækkun fer til Leikskólans Arkar en munar þar einna mest um aukinn launakostnað milli ára, vegna töluverðar fjölgunar háskólamenntaðra starfsmanna sem starfa nú á Leikskólanum en áður voru leiðbeinendur í sömu stöðum. Fjárheimildir til Hvolsskóla hækka um 5,33% og Tónlistarskóla Rangæinga um 5,27%.

05 MENNINGARMÁL

Heildar fjárheimildir til menningarmála breytast lítillega milli ára, en hækkun til málaflokksins nemur tæplega 3%. Framlög til Héraðsbókasafns Rangæinga hækka um 6% og tæp 5% til Héraðsskjalasafnsins. Menningarsjóður sveitarfélagsins sem stofnaður var á síðasta ári, er festur í sessi og fær til úthlutunar 2.000.000 króna og er gert ráð fyrir úthlutun úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári.

06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPÓRTTAMÁL

Fjárheimildir til æskulýðs- og íþróttamála hækka almennt um 5%. Gert er ráð fyrir 20.000.000 kr fjárfestingu í íþróttamiðstöð í viðhald á klefum.

07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Fjárheimildir til Brunavarna hækka um 25% á milli ára, úr 24 milljónum í 30 milljónir. Sveitarfélagið rekur brunavarnir í byggðasamlagi með Rangárþingi ytra og Ásahrepp. Ástæða hækkunarinnar er ný slökkvistöð sem er í byggingu á Hellu. Fylgir nýrri slökkvistöð bæði hærri rekstarkostnaður sem og afborganir af lánum sem tekin voru við byggingu hennar.

08 HREINLÆTISMÁL

Fjárheimildir til málaflokksins hækka úr 23 milljónum í 37 milljónir og er um að ræða mjög miklar hækkunarir milli ára, á sama tíma og tekjur af sorphirðu hækka lítið. Miklar hækkunarir hafa orðið á kostnaði við sorphirðu og þá sérstaklega við urðun sorps. Kostnaður við urðun á óflokkuðu sorpi hefur hækkað gríðarlega á kíló, úr rétt um 10 krónur í rúmlega 40 krónur. Enn er mikil óvissa á Suðurlandi um urðun óflokkaðs sorps, en Sorpstöð Rangárvallasýslu og Sorpstöð Suðurlands vinna hörðum höndum að því að ná góðum samningum fyrir hönd sveitarfélaganna á Suðurlandi.

09 SKIPULAGSFULLTRÚI

Fjárheimildir til Skipulagsfulltrúa hækka úr 23 milljónum í 37 milljónir. Stærstan hluta þessarar aukningar má rekja til þess að sveitarstjórn hefur tekið ávörðun um að ráðast á í endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins og er gert ráð fyrir kostnaði í það verkefni að upphæð 9,5 milljónum. Aðrar hækkunarir innan málaflokksins eru á pari við kostnaðar- og launahækkunarir sem sagt er upp með í áætluninni.

10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um tæpar 4 milljónir, helstu breytingar eru hækkun á innri leigu gatnakerfis vegna aukinna fjárfestinga í gatnagerð á síðasta ári og því næsta, auk þess sem fjármunum verður sérstaklega varið til umferðaröryggismála.

11 UMHVERFISMÁL

Fáheimildir til umhverfismála hækka um tæpar 3 milljónir. Munar þar mestu um 1.500.000 kr hækkun á framlagi til refa- og minkaeyðingar en undanfarin ár hefur þessi liður farið fram úr fjárhagsáætlun.

13 ATVINNUMÁL

Framlög til atvinnumála lækka um 6.000.000 milli ára, en er þar um að ræða einskiptiskostnað vegna gjaldfærslu á lokaáfangi ljósleiðaravæðingu í dreifbýli sem gjaldfærður var á árinu 2019. Aðrir liðir standa í stað milli ára.

21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Gert er ráð fyrir 10.000.000 í sameiginlegum kostnaði sem ánafnað hefur verið í ráðgjafabjónustu en þar er gert ráð fyrir ráðgjöf til að uppfylla auknar kröfur og eftirliti við rekstur sveitarfélaga af hálfu ríkisins. Undir þennan lið, fellur kostnaður við persónuvernd sveitarfélagsins, jafnlaunavottun, útboð á innkaupum vegna nýrra innkaupareglna svo eitthvað sé nefnt.

LOKAORÐ

Almennt skal gæta aðhalds í rekstri sveitarfélagsins. Nokkur óvissa er í efnahagi landsins og ljóst að hraðar breytingar geta orðið eftir uppgang síðast liðinna ára. Hefur sú óvissa bein áhrif á rekstur sveitarfélagsins og getur þurft að bregðast skjótt við óvæntum breytingum. Annar stór óvissuliður í áætluninni er sú staðreynd að kjarasamningar langflestra starfsmanna sveitarfélagsins eru lausir og hafa verið um nokkurt skeið. Því er erfitt að áætla launaliðinn sem er langstærsti einstaki útgjaldaliður sveitarfélagsins.